


Fjármálastjórákonnun Deloitte

Formáli

Fjármálastjórakönnun Deloitte er gerð tvisvar á ári og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfi. Þetta er í fimmtánda sinn sem könnunin er framkvæmd hér á landi og hún er nú í sjöunda skipti unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA-svæðinu (Europe, Middle East and Africa). Niðurstöður endurspeglar því skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 18 öðrum EMEA-löndum, þar sem við á.

Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í mars síðastliðnum og viljum við þakka þeim sem tóku þátt kærlega fyrir.

Smelltu á myndirnar til þess að fara á milli kafla í skýrslunni



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Tímabil könnunar í samhengi við útbreiðslu COVID-19 á Íslandi

16. mars: Vottorð tekin gild á landmærum
Vottorð um bólusetningu eða fyrri sýkingu tekin gild á landamærum óháð uppruna.


18. mars: Breytingar á sóttvarnarráðstöfunum
Krafa um skáningu allra gesta á öllum viðburðum, óheimilt að selja eða bjóða veitingar í hléi og blöndun milli sóttvarnarhólfa bönnuð.

23. mars: Tilkynnt um hertar aðgerðir á landamærum
Tilkynnt að frá og með 1. apríl skuli börn fædd 2005 eða síðar fara í sýnatöku á landamærum og sæta fimm daga sóttkví. Þá skuli allir sem koma frá ákveðnum hættulöndum dvelja í sóttvarnarhúsi í fimm daga.

25. mars: Stórhertar aðgerðir á landsvísi
10 manna fjöldatakmörkun, tveggja metra nándarregla og áfram grímuskylda. Grunn-, framhalds-, tónlistar- og háskólum lokað. Sundlaugum og líkamsræktum lokað, sem og skemmtistöðum.

■ Tímabil könnunar 15. - 29. mars
■ Fjöldi virkra smita á Íslandi (samtals innanlandssmit og landamærasmit) skv. vefsíðu [covid.is](https://www.covid.is)

Heimild: Heimasíða Stjórnarráðsins



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Pátttakendur



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Pátttakendur

Um 1.600 fjármálastjórar í 19 löndum

Könnunin er unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA-svæðinu. Niðurstöður endurspeglar þannig viðhorf um 1.600 fjármálastjóra í 19 löndum þar sem við á. Meðaltal niðurstaðna EMEA-landa er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.

Landfræðileg útbreiðsla

 Austurríki	 Írland	 Rússland
 Belarús (Hvíta-Rússland)	 Ísland	 Spánn
 Bretland	 Ítalía	 Sviss
 Danmörk	 Lúxemborg	 Svíþjóð
 Finnland	 Noregur	 Þýskaland
 Grikkland	 Portúgal	
 Holland	 Pólland	

Tímabil könnunar



15. - 29. mars 2021

Fjöldi fjármálastjóra



1.559



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir




Pátttakendur

Mengi pátttakenda á Íslandi

Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?




Hvaða flokkur lýsir best eignarhaldi fyrirtækis þíns?



*Að fjölskyldufyrirtækjum undanskildum

Hver var velta fyrirtækis þíns á síðasta ári?



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Samantekt



Páttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Samantekt

Fjármálastjórar horfa bjartari augum til framtíðar

Væntingar til reksturs

- Fleiri fjármálastjórar á EMEA-svæðinu búast við aukningu í tekjum, EBITDA, fjárfestingum og ráðningum nýrra starfsmanna frekar en samdrætti á næstu 12 mánuðum og er nettó viðhorf þannig jákvætt fyrir allar þessar lykilstærðir.
- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra er töluvert jákvæðara gagnvart þróun þessara lykilstærða nú heldur en síðastliðið haust þegar viðhorf mældist neikvætt gagnvart tekjum, fjárfestingum og ráðningum, en er jákvætt í öllum tilvikum í vor. Nettó viðhorf gagnvart EBITDA mældist jákvætt síðastliðið haust en hefur þó aukist um 50 prósentustig og er nú jákvætt um 55%. Íslenskir fjármálastjórar eru hlutfallslega bjartsýnastir fjármálastjóra á öllu EMEA-svæðinu á þróun EBITDA.

Markaðir og efnahagur

- Mikill meirihluti fjármálastjóra á Íslandi (88%) telur að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum samanborið við um helming (52%) síðastliðið haust.
- Viðhorf íslenskra fjármálastjóra til stýrivaxta Seðlabankans helst í hendur við sögulega þróun vaxtastigs. Aldrei hafa færri fjármálastjórar (5%) talið stýrivexti Seðlabankans of háa.
- Um helmingur fjármálastjóra hér á landi (49%) telur að gengi íslensku krónunnar muni styrkjast á næstu sex mánuðum. Aðeins 5% telja að gengið muni veikjast. Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja.
- Niðurstöður benda til þess að íslensk fyrirtæki muni leitast við að halda skuldsetningu óbreyttri á næstu 12 mánuðum (61%) eða draga nokkuð úr henni (32%).

Óvissa og áhætta

- Rúmlega helmingur fjármálastjóra á Íslandi (52%) telur sig standa frammi fyrir eðlilegri fjárhagslegri og efnahagslegri óvissu í samanburði við 25% fjármálastjóra á EMEA-svæðinu. Um 70% fjármálastjóra á EMEA-svæðinu telja að fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa sé mikil.
- Um þriðjungur íslenskra fjármálastjóra (34%) telur að nú sé góður tími til að taka áhættu á efnahagsreikningi og hefur áhættuvilji aldrei mælst eins hár.
- Um fjórðungur fjármálastjóra á Íslandi (25%) telur að fjárhagslegar horfur hafi batnað á síðustu þremur mánuðum.
- Um 56% íslenskra fjármálastjóra stefna á hagræðingu í rekstrarkostnaði á næstu 12 mánuðum og 44% á aukna áherslu á stafrænar lausnir.

COVID-19

- Um 43% íslenskra fjármálastjóra telja að tekjur séu nú þegar jafnar eða hærri en fyrir COVID-19 í samanburði við aðeins 21% síðastliðið haust. Tæplega fjórðungur (22%) telur að tekjur komist í sama horf og fyrir COVID-19 fyrir lok árs 2021.
- Um 66% fjármálastjóra á EMEA-svæðinu segja að sitt fyrirtæki sé að vinna að undirbúningi og mótun framtíðarstefnu eftir kórónuveirufaraldurinn í samanburði við aðeins 24% íslenskra fjármálastjóra. Um 31% íslenskra fjármálastjóra telja sitt fyrirtæki enn vera að bregðast við áhrifum kórónuveirunnar á rekstur fyrirtækisins og tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi og lífvænleika en aðeins 14% fjármálastjóra á EMEA-svæðinu telja sitt fyrirtæki vera á þeim stað.



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Niðurstöður



Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða



Markaðs- og efnahagslegir vísar



Áhætta og óvissa



COVID-19



Horfur og áherslur



Fjármögnun fyrirtækja



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Bjartsýni fjármálastjóra á þróun tekna eykst mikið

Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra hefur risið hratt frá síðastliðnu vori þegar nettó viðhorf til tekna var í fyrsta skipti neikvætt (-35%), það er fleiri fjármálastjórar bjuggust við samdrætti frekar en aukningu í tekjum. Nettó viðhorf hefur aldrei mælst eins hátt og nú (67%) og er á pari við meðaltal á EMEA-svæðinu. Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt og jókst frá síðasta hausti í öllum tilvikum. Í fimm löndum telja yfir 80% fjármálastjóra að tekjur muni aukast á næstu 12 mánuðum, það er í Þýskalandi, Finnlandi, Írlandi, Rússlandi og Bretlandi.
- Á EMEA-svæðinu jókst bjartsýni innan allra atvinnugreina frá síðasta hausti. Þetta á einnig við um allar atvinnugreinar á Íslandi*. Á Íslandi eru 100% fjármálastjóra fyrirtækja sem starfa í fjármála- og tryggingastarfsemi sem telja að tekjur muni aukast lítillega samanborið við 29% síðastliðið haust. Nettó viðhorf í sjávarútvegi hækkaði um 42 prósentustig eða úr 18% í 60%.
- Fjármálastjórar fyrirtækja á Írlandi eru hlutfallslega flestir bjartsýnir (92%) og jókst jákvætt viðhorf töluvert frá síðastliðnu vori eða um 21 prósentustig. Nettó viðhorf fjármálastjóra í Bretlandi jókst um 117 prósentustig og fara þeir úr því að vera hlutfallslega svartsýnastir síðastliðið haust í að vera með þeim bjartsýnustu í könnuninni í vor (89%). Fjármálastjórar í Lúxemborg eru hlutfallslega flestir svartsýnir (22%).



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörun eru fjögur fyrirtæki eða fleiri

- Þátttakendur
- Samantekt
- Niðurstöður
- Tengiliðir





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Íslenskir fjármálastjórar bjartsýnastir gagnvart þróun EBITDA

Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum er jákvætt um 55% sem er töluverð hækkun frá síðastliðnu vori þegar viðhorf var nettó jákvætt um 5%. Hlutfall þeirra sem eru jákvæðir jókst um 28 prósentustig og hlutfall þeirra sem eru neikvæðir dróst saman um 22 prósentustig. Nettó viðhorf fyrir EMEA-svæðið er jákvætt um 35% og hefur aldrei mælst hærra. Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt og jókst frá síðasta hausti í öllum tilvikum að undanskildu Þýskalandi þar sem nettó viðhorf dróst saman um 2 prósentustig.
- Íslenskir fjármálastjórar eru bjartsýnastir á þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum (69% jákvæðir) og fjármálastjórar í Póllandi svartsýnastir, en um 23% þeirra búast við samdrætti í EBITDA. Nettó viðhorf fjármálastjóra í Bretlandi er jákvætt um 60% en var neikvætt um 30% í niðurstöðum könnunarinnar í haust.
- Á Íslandi var nettó viðhorf meðal fjármálastjóra jákvætt fyrir allar atvinnugreinar* og hækkaði frá síðasta hausti í öllum tilvikum. Um 80% fjármálastjóra fyrirtækja sem starfa í framleiðslu og fjármála- og tryggingarstarfsemi eru jákvæðir á þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum.



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörin eru fjögur fyrirtæki eða fleiri



Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Íslensir fjármálastjórar bjartstýnir á þróun fjárfestinga

Hvernig telur þú að fjárfestingar í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf gagnvart þróun fjárfestinga á næstu 12 mánuðum er jákvætt um 27% meðal íslenskra fjármálastjóra og jákvætt um 32% á EMEA-svæðinu. Nettó viðhorf hefur aukist töluvert frá því í haust eða því sem nemur um 39 prósentustigum á Íslandi og 42 prósentustigum á EMEA-svæðinu og þannig snúist úr því að vera neikvætt yfir í að vera jákvætt. Fjármálastjórar fyrirtækja í Bretlandi eru hlutfallslega flestir bjartsýnir (62%) en fjármálastjórar í Póllandi hlutfallslega flestir svartsýnir (21%).
- Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt og jókst frá síðasta hausti í öllum tilvikum nema Rússlandi, þar sem nettó viðhorf dróst saman um 1 prósentustig.
- Hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem telja að fjárfestingar muni aukast hefur hækkað um 13 prósentustig frá því í haust og um 27 prósentustig frá síðastliðnu vori. Á sama tíma hefur hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem telja að fjárfestingar muni dragast saman lækkað um 25 prósentustig frá því í haust og um 41 prósentustig frá síðastliðnu vori.





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Nettó viðhorf til ráðninga nýrra starfsmanna er með því lægsta á Íslandi

Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf fjármálastjóra til ráðninga nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum er töluvert jákvæðara nú en í haust og hefur snúist úr því að vera neikvætt yfir í að vera jákvætt bæði á Íslandi og á EMEA-svæðinu, það er fleiri fjármálastjórar telja að starfsmannafjöldi muni aukast frekar en að hann dragist saman á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra er jákvætt sem nemur 5% samanborið við neikvætt um 25% síðastliðið haust en þrátt fyrir að nettó viðhorf hafi hækkað töluvert mælist það þó með því lægsta á Íslandi, en nettó viðhorf er aðeins lægra í Austurríki.
- Viðhorf gagnvart ráðningum nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum er jákvætt í öllum þeim 19 löndum sem tóku þátt í könnuninni að undanskildu Austurríki þar sem nettó viðhorf er neikvætt um 5%.
- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra fyrirtækja í sjávarútvegi og framleiðslu er 0%, það er jafn margir fjármálastjórar telja að starfsmannafjöldi muni aukast og að hann muni dragast saman á næstu 12 mánuðum. Meirihluti fjármálastjóra í þessum greinum telur að starfsmannafjöldi muni haldast óbreyttur, eða um 80% fyrirtækja í sjávarútvegi og 60% fyrirtækja í framleiðslu. Bjartsýni hefur aukist töluvert meðal fyrirtækja í verslun og þjónustu þar sem nettó viðhorf er jákvætt um 5% í samanburði við neikvætt um 38% síðastliðið haust. Aukin svartsýni er meðal fyrirtækja í fjármála- og tryggingastarfsemi í garð ráðninga nýrra starfsmanna þar sem nettó viðhorf er neikvætt um 33% í samanburði við neikvætt um 17% síðastliðið haust*.



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörin eru fjögur fyrirtæki eða fleiri




Áhætta og óvissa


Fleiri fjármálastjórar telja nú góðan tíma til að auka áhættu

- Um þriðjungur (34%) íslenskra fjármálastjóra telur að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi en hlutfallið hefur aldrei verið hærra frá því könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014. Áhættuvilji íslenskra fjármálastjóra hefur hingað til mælst meðal þeirra lægstu en er á pari við meðaltal á EMEA-svæðinu í vor. Fjármálastjórar í Lúxemborg (17%) og Portúgal (16%) hafa minnstan vilja til þess að auka áhættu í efnahagsreikningi en fjármálastjórar í Finnlandi (46%) og Hollandi (46%) mestan áhættuvilja.
- Nettó viðhorf er neikvætt í öllum þeim 14 löndum þar sem spurningin var lögð fyrir en frá síðasta hausti í öllum tilvikum nema í Rússlandi. Nettó viðhorf á Íslandi mældist -32% samanborið við -73% síðastliðið haust og hækkaði þannig um 41 prósentustig.
- Um 40% fjármálastjóra á Íslandi telja fjárhagslega og efnahagslega áhættu vera mikla, sem er töluverð lækkun frá því síðastliðið haust þegar það mældist 62%. Innan EMEA-svæðisins meta 70% fjármálastjóra óvissuna mikla.

Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi fyrirtækis þíns?



Hvernig metur þú fjárhagslega og efnahagslega óvissu sem fyrirtæki þitt standur frammi fyrir?



Áhætta og óvissa

Gengisþróun íslensku krónunnar helsti ytri áhættuþátturinn hér á landi

Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis í dag? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)

- Gengisþróun íslensku krónunnar hefur verið nefnd sem stærsti ytri áhættuþátturinn í rekstri íslenskra fyrirtækja að mati fjármálastjóra frá því að könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014. Aðrir stórir áhrifaþættir sem nefndir eru í könnuninni í vor eru efnahagslegar horfur og vaxtastig og hafa þessir þættir einnig verið ofarlega á lista síðastliðin ár.
- Textaskýringar þeirra sem völdu valmöguleikann „annað“ nefndu áhrif COVID-19, skort á hráefni og vörum og launahækkningar sem áhrifaþætti.

	Vor 2021	Haust 2020	Vor 2020	Haust 2019	Vor 2019	Haust 2018	Vor 2018
Gengisþróun íslensku krónunnar	1	1	1	1	1	1	1
Efnahagslegar horfur*	2	2					
Vaxtastig	3	3	3	2	2	2	2
Þróun einkaneyslu	4		2	3	5	4	3
Efnahagsástand helstu viðskiptalanda	5	4	4	5			
Verðbólga		5	5		3	3	5
Möguleg óvissa tengd stjórnámum				4	4	5	4
Annað							
Skortur á fjármagni*							
Skortur á hæfu starfsfólki							
Áhætta tengd netarásum							

Vor 2021	Vor 2020	% breyting
61%	63%	-2%
50%	-	-
44%	39%	5%
38%	40%	-2%
31%	34%	-3%
30%	31%	-1%
20%	26%	-6%
11%	27%	-16%
8%	-	-
6%	2%	4%
2%	5%	-3%

1 oftast nefnt – 5 sjaldnast nefnt



*Nýr valmöguleiki haust 2020



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Horfur og áherslur

Bjartsýni gagnvart þróun á fjárhagslegum horfum mælist töluvert hærrí á EMEA-svæðinu en á Íslandi

Telur þú fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?

- Um fjórðungur íslenskra fjármálastjóra telur að fjárhagslegar horfur hafi breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum, samanborið við um þriðjung síðastliðið haust. Á sama tíma hefur dregið töluvert úr hlutfalli þeirra sem telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað. Um þriðjungur telur fjárhagslegar horfur svipaðar. Nettó viðhorf mældist jákvætt um 16%, það er fleiri fjármálastjórar telja að fjárhagslegar horfur hafi batnað frekar en versnað og hefur nettó viðhorf hækkað um 4 prósentustig frá því í haust.
- Rúmlega helmingur fjármálastjóra á EMEA-svæðinu telur að fjárhagslegar horfur hafi breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum. Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt í könnuninni og hefur nettó viðhorf aldrei mælst eins hátt og nú (43%). Hlutfall þeirra sem telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað hefur aldrei mælst eins lágt (9%).
- Á EMEA-svæðinu eru jafnvel þær atvinnugreinar sem urðu fyrir miklum neikvæðum áhrifum kórónaveirufaraldursins, og eru enn undir miklum áhrifum frá þeim takmörkunum sem eru fyrir hendi, svo sem fyrirtæki í ferðaþjónustu, að horfa bjartari augum á framtíðina nú í samanburði við síðastliðið haust. Ekki náðist lágmarksfjöldi svara við þessari spurningu frá fjármálastjórum íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu*. Á Íslandi hefur bjartsýni aukist nokkuð hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og fjármála- og tryggingastarfsemi frá því í haust en þó telur meirihluti (80%) fjármálastjóra fyrirtækja í sjávarútvegi að fjárhagslegar horfur hafi verið svipaðar á síðustu þremur mánuðum og helmingur (50%) fyrirtækja í fjármála- og tryggingastarfsemi.



Horfur og áherslur

Íslenskir fjármálastjórar leggja áherslu á hagræðingu í rekstri og stafrænar lausnir

Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)

- Efstu fimm áherslupættir eru óbreyttir frá því í haust og eru nokkuð í takt við áherslur fyrri ára. Mest áhersla hefur verið lögð á hagræðingu í rekstrarkostnaði frá því að könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014. Áhersla á stafrænar lausnir hefur einnig verið ofarlega í huga fjármálastjóra frá því að þeim valmöguleika var bætt við síðastliðið vor. Á EMEA-svæðinu var áhersla á stafrænar lausnir meðal efstu fimm áherslupátta í 13 af 19 löndum sem tóku þátt (72%).
- Hlutfall fjármálastjóra sem ætla að leggja áherslu á auknar fjárfestingar (22%) hefur aukist um 15 prósentustig frá því síðastliðið vor. Einnig hefur hlutfall fjármálastjóra sem ætla að leggja áherslu á að stækka fyrirtækið með ytri vexti (19%) aukist töluvert eða því sem nemur 16 prósentustigum á milli ára.

	Vor 2021	Haust 2020	Vor 2020	Haust 2019	Vor 2019	Haust 2018	Vor 2018	Vor 2021	Vor 2020	% breyting
Hagræðing í rekstrarkostnaði	1	1	1	1	1	1	1	56%	82%	-26%
Stafrænar lausnir*	2	2	2					44%	44%	0%
Vöxt á núverandi markaði*	3	3	4					39%	31%	8%
Stækka fyrirtækið með innri vexti	4	4	3	3	2	2	2	38%	32%	6%
Auka sjóðstreymi	5	5		2	3	4	4	28%	23%	5%
Auka fjárfestingar								22%	6%	16%
Minnka skuldsetningu			5	4-5	4	5	5	22%	24%	-2%
Próun mannauðs*								20%	16%	4%
Stækka fyrirtækið með ytri vexti								19%	3%	16%
Kynna nýja vörur/þjónustu				4-5	5	3	3	19%	19%	0%
Fara inn á nýja markaði								16%	16%	0%
Sala eigna								6%	8%	-2%
Auka arðgreiðslur eða kaupa eigin bréf								5%	10%	-5%
Ekkert af ofangreindu								2%	0%	2%

1 mikil áhersla – 5 lítil áhersla



*Nýr valmöguleiki vor 2020



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir




Fjármögnun fyrirtækja

Íslenskir fjármálastjórar telja innri fjármögnun áfram hagkvæmasta kost fjármögnunar


Hvernig metur þú lántöku hjá bönkum, útgáfu skuldabréfa, útgáfu hlutfjár og innri fjármögnun sem fjármögnunarkosti við fjármögnun þíns fyrirtækis?

- Um 66% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum hagkvæma á meðan 12% telja hana óhagkvæma. Nettó viðhorf gagnvart lántöku hefur snúist úr því að vera neikvætt um 24% vorið 2019 og stigmagnast upp í að vera jákvætt um 53% vorið 2021.
- Innan EMEA-svæðisins telja 68% fjármálastjóra lántöku hjá bönkum hagkvæma og er hún þar að auki talin vera hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af þeim fjórum fjármögnunarleiðum sem spurt var um. Innri fjármögnun hefur verið álitin hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af fjármálastjórum hérlendis frá því að fyrst var spurt um hagkvæmni þessara fjögurra fjármögnunarkosta vorið 2018.


Lántaka hjá bönkum




Útgáfa skuldabréfa



Útgáfa hlutfjár



Innri fjármögnun



■ Hagkvæm ■ Hvorki né ■ Óhagkvæm



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir




Fjármögnun fyrirtækja


Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa fer enn lækkandi

- Undanfarin ár hefur stór meirihluti fjármálastjóra á Íslandi talið stýrivexti Seðlabankans of háa. Stýrivextir hafa lækkað um 25 punkta frá síðustu könnun eða úr 1,00% niður í 0,75% og um 100 punkta frá síðastliðnu vori. Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti of háa hefur lækkað um 3 prósentustig frá því í haust og 12 prósentustig frá því síðastliðnu vori. Hlutfallið hefur aldrei verið lægra frá því að könnunin var fyrst framkvæmd.
- Um 61% íslenskra fyrirtækja stefna á að halda skuldsetningu óbreyttri. Tæplega þriðjungur (32%) stefnir á að draga verulega eða nokkuð úr skuldsetningu.
- Samanborið við niðurstöður könnunarinnar síðastliðið vor má sjá samdrátt í hlutfalli þeirra fjármálastjóra sem vilja auka skuldsetningu síns fyrirtækis úr 21% í 6%.


Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þins fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa



Sögulegt hlutfall fjármálastjóra með markmið um að auka skuldsetningu



■ Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti of háa Stýrivextir




Markaðs- og efnahagslegir vísar


Meirihluti fjármálastjóra telur að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum

- Um 63% íslenskra fjármálastjóra telja að hlutabréfaverð muni hækka nokkuð eða hækka verulega á innlendum markaði á næstu sex mánuðum. Væntingar um hækkunir hafa aukist um 35 prósentustig frá síðastliðnu vori.
- Um 88% fjármálastjóra búast við auknum hagvexti á næstu tveimur árum. Hlutfallið hefur hækkað um 36 prósentustig frá því í haust.
- Um helmingur fjármálastjóra (49%) telur að gengi krónunnar muni styrkjast nokkuð eða styrkjast verulega á næstu sex mánuðum. Aðeins 5% telja að gengið muni veikjast nokkuð. Hlutfall þeirra sem telja að gengið muni styrkjast nokkuð eða haldast óbreytt hefur hækkað umtalsvert en hlutfall þeirra sem telja að gengið muni veikjast hefur á móti lækkað töluvert frá síðasta vori.
- Að meðaltali búast íslenskir fjármálastjórar við að verðbólga á Íslandi sé töluvert yfir verðbólgu marki Seðlabanka Íslands eða að meðaltali 3,6% á næstu 12 mánuðum. Íslenskir fjármálastjórar búast við hækkuðum verðbólgu á Evrusvæðinu þar sem verðbólguvæntingar hafa hækkað úr 1,2% í 1,4%.


Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum



Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI10 vísitöluna eftir sex mánuði?



Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




Markaðs- og efnahagslegir vísar


Meirihluti íslenskra fjármálastjóra hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar

- Meirihluti fjármálastjóra hérlendis hefur engar fyrirætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum (90%) sem er mjög sambærilegt við niðurstöður síðastliðið vor (93%).
- Hlutfall fjármálastjóra sem hefur áætlanir um lántöku frá erlendum bönkum hefur aukist um 5 prósentustig. Áætlanir um fjárfestingar í erlendu fyrirtæki mældust 0%.
- Um 15% íslenskra fjármálastjóra hafa fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna sex mánuði samanborið við 10% síðastliðið vor.

Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?



Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna 6 mánuði?



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir




COVID-19


Íslenskir fjármálastjórar lengur að vinna sig í gegnum áhrif kórónuveirufaraldursins

- Skilgreind voru þrjú stig sem fyrirtæki ganga í gegnum vegna COVID-19, það er að bregðast við, endurheimta og dafna.
- Tveir af hverjum þremur fjármálastjórum á EMEA-svæðinu segja að fyrirtækið sitt vinni nú að undirbúningi og mótun framtíðarstefnu eftir kórónuveirufaraldurinn („dafna“) í samanburði við einn af hverjum fjórum á Íslandi.
- Á Íslandi eru aðeins fyrirtæki í verslun og þjónustu, framleiðslu og fjármála- og tryggingastarfsemi sem telja sig að einhverju leyti komin á „dafna“ stigið. Hlutfallslega flest fyrirtæki í framleiðslu og flutningum og samgöngum eru enn á því stigi að bregðast við faraldrinum.
- Aðeins 14% fjármálastjóra á EMEA-svæðinu telja að sitt fyrirtæki sé enn á því stigi að bregðast við áhrifum kórónuveirufaraldursins til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi og lífvænleika en um þriðjungur íslenskra fjármálastjóra.
- Þótt gæta megi mikillar bjartsýni á EMEA-svæðinu má sjá verulegan mun á milli atvinnugreina. Til dæmis eru yfir 80% fjármálastjóra fyrirtækja í líftækni og heilbrigði sem telja sig vera komin á það stig að dafna en aðeins 38% af fyrirtækjum í ferðaþjónustu og meira en helmingur þeirra telur sig ennþá vera á því stigi að bregðast við faraldrinum.

Hver af eftirfarandi fullyrðingum lýsir best núverandi viðbrögðum þíns fyrirtækis við kórónuveirufaraldrinum (COVID-19)?



Samandregnar niðurstöður atvinnugreina* á Íslandi



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörin eru fjögur fyrirtæki eða fleiri




COVID-19

Mun fleiri íslenskir fjármálastjórar segja nú tekjur síns fyrirtækis komnar í sama eða betra horf en fyrir kórónaveirufaraldurinn COVID-19


Byggt á þeim upplýsingum sem þú hefur fengið fram til þessa, hvenær sérð þú fram á að starfsemi þíns fyrirtækis fari í sama horf og fyrir kórónaveirufaraldurinn (COVID-19)?

- Um 43% fjármálastjóra á Íslandi telja að tekjur séu nú þegar jafnar eða hærrí en fyrir COVID-19 og hefur þetta hlutfall tvöfaldast frá því síðastliðið haust þegar það mældist um 21%. Sama þróun hefur átt sér stað á EMEA-svæðinu þar sem hlutfallið hefur hækkað úr 23% síðastliðið haust upp í 42% nú í vor. Niðurstöður íslenskra fjármálastjóra eru þannig sambærilegar og fyrir EMEA-svæðið.
- Um tveir þriðju fjármálastjóra í Danmörku og Rússlandi telur að tekjur séu nú þegar jafnar eða hærrí en fyrir COVID-19 en undir 30% fjármálastjóra á Spáni, Grikklandi og Bretlandi.
- Á Íslandi eru fjármálastjórar fyrirtækja í flutningum og samgöngum hlutfallslega svartsýnastir þar sem einn af hverjum fjórum telur að tekjur fari ekki í sama horf fyrr en árið 2024 eða síðar og sömuleiðis einn af hverjum fjórum sem telur að tekjur fari ekki í sama horf fyrr en 2023. Fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja í byggingariðnaði eru hlutfallslega bjartsýnastir þar sem 100% telja að tekjur séu nú þegar jafnar eða hærrí en fyrir COVID-19.

Ísland vor 2021



Samandregnar niðurstöður atvinnugreina* á Íslandi



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörin eru fjögur fyrirtæki eða fleiri

- Pátttakendur
- Samantekt
- Niðurstöður
- Tengiliðir



COVID-19

Meirihluti íslenskra fjármálastjóra sér ekki fram á fjarvinnu starfsfólks til frambúðar

Hversu ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum um viðskiptaumhverfi þíns fyrirtækis eftir kórónuveirufaraldurinn (COVID-19)?

- Tæplega helmingur (47%) íslenskra fjármálastjóra er ósammála þeirri fullyrðingu að fyrirtækið sitt muni nýta færri og/eða smærri fasteignir en fyrir kórónuveirufaraldurinn og um 72% eru ósammála að meirihluti starfsfólks muni vinna í fjarvinnu til frambúðar. Aftur á móti er um helmingur (51%) sem telur að samskipti við núverandi og framtíðar viðskiptavini verði að mestu stafræn.
- Á EMEA-svæðinu er rúmlega þriðjungur (36%) sem er ósammála þeirri fullyrðingu að fyrirtækið sitt muni nýta færri og/eða smærri fasteignir en fyrir kórónuveirufaraldurinn og sömuleiðis er rúmlega þriðjungur (36%) sammála þeirri fullyrðingu. Um fjórðungur er sammála þeirri fullyrðingu að meirihluti starfsfólks muni vinna í fjarvinnu til frambúðar en um 59% ósammála. Um 49% telja að samskipti við núverandi og framtíðar viðskiptavini verði að mestu stafræn.

	Mjög/nokkuð sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/nokkuð ósammála	Á ekki við
Fyrirtæki mitt mun nýta færri og/eða smærri fasteignir en fyrir kórónuveirufaraldurinn	18%	18%	47%	17%
Samskipti okkar við núverandi og framtíðar viðskiptavini verða að mestu stafræn	51%	19%	22%	8%
Meirihluti okkar starfsfólks mun vinna í fjarvinnu til frambúðar	12%	12%	72%	5%
Viðskipti okkar við innlenda birgja verða umfangsmeiri en fyrir kórónuveirufaraldurinn	5%	38%	50%	7%
Við stýringu á aðfangakeðju munum við draga úr áherslu á skilvirkni (e. efficiency) en auka áherslu á getu til að bregðast við áskorunum (e. resilience)	17%	50%	19%	14%



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir




COVID-19

Umbreyting og nútímavæðing í rekstri er áherslupáttur hjá íslenskum fjármálastjórum

Hvað af eftirfarandi verður áhersla í fjárfestingum þíns fyrirtækis á næstu þremur til fimm árum?

- Á EMEA-svæðinu er mest áhersla lögð á vöxt (69%) og tækni (65%) í fjárfestingum á næstu þremur til fimm árum. Á Íslandi mældust umbreyting og nútímavæðing í rekstri (53%), vöxtur (50%) og tækni (47%) efstu þrjár áherslupættirnir í fjárfestingum.
- Aðeins 19% fjármálastjóra á Íslandi og 23% fjármálastjóra á EMEA-svæðinu nefna áherslu á samfélagslega þætti í fjárfestingum á næstu þremur til fimm árum.



Rekstur: Umbreyting og nútímavæðing í rekstri fyrirtækisins.

Vöxtur: Áhersla á viðskiptavini, nýsköpun og vöxt markaðar/tekna.

Tækni: Stafrænum breytingum flýtt.

Fjárhagur: Hagræðing í veltufjármunum, fjármagnsskipan og eignasafni.

Stefna: Undirbúningur fyrir breytta markaði og viðskiptamódel. Skilgreining á umbreytingarferli fyrirtækisins til aðlögunar að breyttum aðstæðum.

Vinna: Umbreyting starfa, vinnuafis og vinnustaðar.

Samfélagslegir þættir: Þróun og virkjun stefnu í tengslum við umhverfislega og félagslega þætti.



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Tengiliðir

A network diagram with several blue and green circular nodes connected by solid and dashed lines. The word 'Tengiliðir' is overlaid on the diagram.

Páttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Tengiliðir

Fyrir nánari upplýsingar



Ábyrgðaraðili:

Lovísa A. Finnbjörnsdóttir
Meðeigandi, sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar

Sími: 770-4942

lovisa@deloitte.is




Tengiliður:

María Skúladóttir
Forstöðumaður markaðsmála

Sími: 892-7476

[mskuladottir@deloitte.is](mailto:mkuladottir@deloitte.is)



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarféлага innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra féлага þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyzi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarféлага okkar og tengdra féлага spannar meira en 150 lönd og landssvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 330.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarféлага þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félög, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félag, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.

© 2021 Deloitte ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte ehf.